

253. gr.

Heilbrigðisnefnd getur sett nánari fyrirmæli um einstök atriði, sem eigi er mælt fyrir um í samþykkt þessari, eða til skýringar á ákvæðum hennar, enda fari fyrir-mælin ekki í bága við þau.

Getur nefndin látið sérprenta einstaka kafla eða greinar samþykktar þessarar og fyrirmæli sín og birta með viðeigandi hætti.

254. gr.

Bæjarstjórn skal ávallt leita umsagnar heilbrigðisnefndar um ráðstafanir, er varða heilbrigðismál.

255. gr.

Brot á samþykkt þessari eða óhlýðni við löglegar fyrirskipanir heilbrigðis-nefndar varða sektum til bæjarsjóðs, allt að 1000 kr., ásamt vísitöluálagi lögum samkvæmt.

Nú vanrækir maður að vinna verk, er heilbrigðisnefnd hefur löglega fyrirskipað, eða verk er ekki unnið á viðunandi hátt, og er þá nefndinni heimilt að láta vinna það, sem þarf, á kostnað aðilja. Skal þá greiða kostnaðinn til bráðabirgða úr bæjar-sjóði, en innheimta síðan hjá aðilja, með lögtaki, ef þörf gerist.

256. gr.

Með mál, sem rísa út af brotum á samþykkt þessari, skal fara að hætti opin-herra mála.

257. gr.

Samþykkt þessi öðlast gildi jafnskjótt og hún hefur verið staðfest og birt í Stjórnartíðindum. Fellur þá úr gildi heilbrigðissamþykkt nr. 3 30. jan. 1905, svo og reglugerð nr. 57 12. marz 1941, og reglugerð nr. 71 30. marz 1946, um hollustuhætti í mjólkurbúðum, svo og önnur ákvæði í samþykktum eða fyrirmælum stjórnvalda, er fara í bága við samþykkt þessa.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 35 12. febr. 1940, um heil-brigðisnefndir og heilbrigðissamþykktir og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Heilbrigðismálaráðuneytið, 20. janúar 1950.*

**Jóhann Þ. Jósefsson.**

*Gústav A. Jónasson.*

## AUGLÝSING

um að Keflavíkurkaupstaður skuli talinn á I. verðlagssvæði almannatrygginga.

Með vísun til 14. gr. laga nr. 50 7. maí 1946, um almannatryggingar, hefur ráðuneytið ákveðið, að Keflavíkurkaupstaður skuli talinn á I. verðlagssvæði al-mannatrygginganna frá og með 1. janúar 1950, þar til annað kann að verða ákveðið, og verða iðgjöld til trygginganna og bótagreiðslur í samræmi við það.

*Félagsmálaráðuneytið, 11. janúar 1950.*

**F. h. r.**

**Jónas Guðmundsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*